

T

Tabú → *bannorð*.

Tabula gratulatoria → *afmælisrit*.

Tákn merkir bókstaflega eitthvað sem kemur í stað einhvers annars, táknar það. Íslenska orðið t. er jöfnum höndum notað um tvö ólík merkingarsvið, samsvarandi erlendu orðunum 1. d. *tegn*, fr. *signe* og 2. *symbol*, en síðarnefnda orðið er víða notað um bæði þessi svið og langt frá því skýrt afmarkað. 1. er einkum algengt í greinum eins og stærðfræði, → *málvisindum* og rökfræði og eru slík tákn yfirleitt til orðin af handahófi (arbitraire), það er ekkert röklegt samband milli táknsins sjálfs og þess sem það vísar til. Svissneski málfræðingurinn F. de Saussure lagði upp úr aldamótum grundvöllinn að sérstakri → *táknfræði* með kenningum sínum um t. og skiptingu þess í táknmynd og táknmið, og hafa þær haft mikil áhrif á bókmenntafræði samtímans (→ *strúktúralismi*). 2. Orðið symbol er ættað úr grísku, *symbollein*: leggja saman og *symbolon*: jarteikn. T. hafa verið notuð í bókmenntum frá aldaöldli, en því fer fjarri að bókmenntafræðingar hafi komið sér saman um skilgreiningu hugtaksins. Sumir vilja helst forðast orðið (t.d. W. Kayser), aðrir telja það lykilt að öllum sönnum skáldskap, einkum þó → *nútímaljóðlist*. Hér skal tilfærð sú skilgreining á bókmenntalegu t., sem Wellek og Warren (Theory of Literature, 1949) mæltu með: “hlutur sem vísar til annars hlutar en krefst um leið athygli sjálfur, sem framsetning.” T. hafa verið flokkuð í þrennt: Hefðbundin t., sem geta verið af trúarlegum (krossinn, lambið) eða öðrum hugmyndasögulegum (þjóðfáninn, hamar og sigð) toga (sjá t.d. → *emblema*). Þessi flokkur t. er algengastur í bókmenntum allt fram á nýöld (s.s. í trúarritum), en margir rithöfundar telja að þau hafi nú orðið glatað tilhöfðun sinni. Í

öðru lagi eru svonefnd náttúrleg t., sem birtast aftur og aftur í bókmenntum frá ýmsum löndum og mismunandi skeiðum. Dæmi um slíkt eru hafið sem t. um eilífðina, hjartað sem t. ástarinnar; kynt. teljast einnig til þessa flokks. Loks eru svonefnd einstaklingsbundin t. eða eiginleg bókmenntaleg t., sem svo hafa verið kölluð: orð eða orðasambönd sem öðlast sérstaka merkingu og víðari skírskotun í tilteknu verki (“Lastaðu ei laxinn / sem leitar móti / straumi sterklega” er dæmi um slíka táknsköpun hjá Bjarna Thorarensen). Þessi t. draga saman í kjarna mikilvæga hugsun höfundar, og fór notkun þeirra í skáldskap mjög vaxandi með rómantísku stefnunni, þó að hinir tveir flokkarnir séu þar líka áberandi. Táknsæi af þessum toga markar á sinn hátt upphaf nútímaskáldskapar með → *symbolism-anum*. Æ meiri áhersla var lögð á að t. hefði sjálfstætt gildi og tilvísun sem óhægt væri að orða á annan hátt, væri jafnvel órátt með öllu. T. er skylt → *allegoría*, sem hefur þó yfirleitt beina tilvísun auk þess sem hugtakið getur náð yfir heilt verk, og → *myndhverfingu*, sem getur orðið að tákni í ákveðnu verki sé hún endurtekin hvað eftir annað. T. eru algeng í öllum megingreinum bókmennta, en margir telja að þau skipi öndvegi í → *lýrik*.

HG

Táknfræði (fr. *sémiologie*, e. *semiotics*) nefnast þau fræði sem fást við merkingu tákna í mannlegum samskiptum og kanna venzl þeirra í mismunandi táknkerfum; slík → *tákn* geta verið allt frá orðum, látbragði, klæðnaði til umferðarmerkja og stafrófsins. “Öll boð eru gerð af táknum; þar af leiðandi fást þau vísindi um tákni sem kölluð eru *táknfræði* við þær almennu reglur sem liggja til grundvallar formgerð allra tákna, við eðli notkunar þeirra í boðskiptum og við sérkenni hinna mismunandi táknkerfa, svo og við hin ólíku boð sem nota þessar mismunandi tegundir tákna” (R. Jakobson). T. er því í raun og veru → *merkingarfræði* og tengd svonefndri boðskiptafræði (→ *boðskipti*).

T. í núverandi mynd má rekja aftur til upphafs þessarar aldar, þegar ameríski heimspekingurinn C.S. Peirce og svissneski málfræðingurinn F. de Saussure

komust hvor í sínu lagi að þeirri niðurstöðu að nauðsyn væri á “vísindum sem könnuðu líf tákna í samfélaginu” (Saussure; hann notaði orðið *sémiologie* þar sem Peirce notaði *semiotics*, hvort tveggja er dregið af grísku *semeion* : tákni). Saussure, sem var brautryðjandi nýrra → *málvísinda*, ætlaði t. að komast lengra en að málfræðilegri könnun tákna, hún skyldi skoða hlutverk þeirra í mannlegum samskiptum. Hann vildi skipta tákni í táknimynd (signifiant), sem er sú ímynd sem efnislegt form táknsins tekur á sig í huganum, og tákni (signifié), sem er sú merking eða fyrirbæri sem tengist táknimyndinni. Kenningar hans höfðu mikil áhrif á mótun → *formalismans* og → *strúktúralismans*.

Táknfræðingar sem rannsaka bókmenntir leggja áherslu á að notkun tákna er þar ekki með hefðbundnum hætti, tákni myndir orðanna fá sjálfstæða þýðingu, tilvísun þeirra verður margræð; sú hugmynd er ekki fjarri rannsóknarstefnu á borð við → *nýrýni* sem leggur mest upp úr athugun á → *margræði* orða og orðasambanda í skáldskap. Á þann hátt getur t. sýnt fram á hvernig listin brýtur upp hefðbundin táknkerfi – “ljóðlistin er skipulagt ofbeldi gagnvart venjulegu talmáli” (Jakobson) – og býr jafnvel til sín eigin. Því fer fjarri að t. sé bundin við ritað mál, hún getur líka kannað klæðaburð fólks, matarvenjur og samskiptareglur sem táknkerfi; rétt eins og hún reynir að skoða táknkerfi bókmenntanna í heild, venzl mismunandi texta og samband þeirra við önnur táknkerfi mannlegra samskipta.

Ljóst er að a.m.k. á sviði bókmenntarannsóknna eru t. og strúktúralismi nánast samheiti; í meginatriðum er um sömu fræðimenn og sömu aðferðir að ræða. Um þessar mundir er lögð stund á t. beggja megin Atlantshafs, austan og vestan járn-tjalds; til skamms tíma naut t. þó mestrar útbreiðslu í Frakklandi. Nefna má R. Barthes, J. Kristeva og hópinn í kringum tímaritið *Tel Quel*, heimspekinginn J. Derrida, sem kannað hefur þýðingu ritmáls fyrir sjálfskilning mannsins í víðasta skilningi; auk þess Ítalann Umberto Eco og öldri fræðimenn sem ættaðir eru úr slavneska formalismanum eins og R.